



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
„Bifröst, ættjarðarást og þjóðernishyggja“
við hátíðarkvöldverð
í Háskólanum á Bifröst**

18. mars 2022

Kæri rektor, nemendur og starfslið Háskólans á Bifröst,
aðrir góðir gestir.

Ætti Íslendingur að nefna einn dag og einn viðburð sem stæði öðrum framar í þjóðarsögunni þætti mér líklegt að 17. júní 1944 yrði fyrir valinu: Þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga og lýðveldi stofnað á Þingvöllum. Þessi tímamót eru kennd í skólum, þeirra er minnst hvert ár, þau síast inn í okkar sameiginlegu minningar. Þau minna okkur á að á Íslandi býr sjálfstæð þjóð, eða eiga víst að gera það.

Í aðdraganda lýðveldisstofnunar var efnt til ljóðasamkeppni og tvö skáld báru sigur úr bítum. Annað þeirra var Jóhannes úr Kötlum og hitt Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, þekkt undir skáldanafninu Hulda. Þessi hluti úr hennar verðlaunaljóði er þekktur:

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land,
er duna jarðarstríð.

Og nú, ágætu áheyrendur, duna jarðarstríð. Úkraína er vígaslóð. Valdhafar í Moskvu, með Vladímír Pútín forseta í broddi fylkingar, ákváðu að ráðast inn í

Það grannríki. Þeir sendu her sinn yfir landamærin undir gunnfána þjóðaröryggis og þjóðernishyggju, ættjarðarástar. Verja þyrfti Rússland og Rússa. Nú síðast í fyrradag notaði Pútín afar sterk orð þegar hann hvatti þjóð sína til að standa saman gegn allri vá, innanlands sem utan. Sannir ættjarðarvinir myndu hafa betur, föðurlandssvikarar sitja í súpunni.

Í máli sínu vísar Rússlandsforseti einatt til sögu þjóðarinnar, hvernig Rússar hafi sífellt þurft að verjast ógn að utan, hvernig að þeim sé ætíð sótt og því þurfi þeir að kunna eigin sögu til hlítar, skilja nauðsyn samstöðu um rússneska hagsmuni. Þannig er sagan notuð sem vopn í okkar samtíma. Tveimur dögum fyrir innrásina í Úkraínu var frumvarp kynnt á Rússlandsþingi, um sektir og fangelsun þeirra sem reyndu á einhvern hátt að leggja að jöfnu stöðu Sovétríkjanna og Þýskalands nasismans í seinni heimsstyrjöld eða gera lítið úr fórnunum Sovétmanna í sigrinum á fasisma.

Söguskoðun í þessum anda einskorðast ekki við Pútín og Rússland. Sömuleiðis þarf ég varla að taka fram að hér kveður við annan tón en í ættjarðarljóði Huldu þar sem ort er um fagurt land og friðsæl býli. Við þurfum samt í sömu andrá að tala um ættjarðarást og þjóðernishyggju, þjóðrembu og öfgar, alþjóðahyggju og alþjóðasamstarf.

Bifröst er kjörinn staður til slíkra umræðna. Fræðasetrið hér er með djúpar rætur í íslenskum jarðvegi en greinar sem teygja sig um víða veröld.

Samvinnuskólinn var stofnaður árið 1918, það sögulega ár þegar Katla gaus, fullveldi fékkst en Spænska veikin geisaði með öllum sínum hörmungum. Sumarið 1955 var skólinn svo færður hingað og hér hefur verið menntastarf síðan, nú undir merkjum Háskólans á Bifröst.

Jónas Jónsson frá Hriflu stýrði Samvinnuskólanum allt þar til hann fluttist hingað en þá lét hann af störfum fyrir aldurs sakir. Ættjarðarást Jónasar var ósvikin. Hann vildi ræktun lýðs og lands, í anda ungmennafélaganna sem létu að sér kveða í upphafi síðustu aldar. Íslandi allt – það voru og eru einkunnarorð Ungmennafélags Íslands og þannig hugsaði Jónas, til dæmis þegar hann stýrði Samvinnuskólanum – Jónasarskólanum eins og hann var gjarnan kallaður.

Á sínum tíma var Jónas eins umdeildur og hugsast getur. Hann hafði um skeið geysileg áhrif í samfélaginu og þau lifðu lengi á ýmsu vegu, ekki síst í Íslandssögu hans sem kennd var í skólum allt fram yfir 1970. Þar riðu hetjur um héruð, íslenskar hetjur á söguöld. Svo er því lýst hvernig þjóðveldið hrundi og við tók aldalöng útlend kúgun uns Íslendingar fundu frelsisanda á ný, undir forystu Jóns Sigurðssonar forseta og annarra sem vöknuðu til vitundar um réttindi þjóðarinnar og ríka menningu.

Jónas kunni þá list að segja sögur, hann kunni líka að kenna og þá list lærði hann í útlöndum. Fyrirmyndir sótti hann til Englands og Norðurlanda.

Hann var lýðskólamaður og „leiðinlegur kennslutími ætti að varða við lög,“ sagði hann eitt sinn. Fólk, sem lærði Íslandssögu hans, man hana enn og vitna ég hér í eina frásögn því til vitnis: „Við lásum Jónas frá Hriflu, kennslubók fyrir börn, sem er nú alveg fáránlega þjóðernissinnuð ef maður les hana í dag. En mér og öðrum krökkum fannst hún bara almennt skemmtileg.“

Allt er breytingum háð. Sumt breytist þó hægar en annað. Hér á Bifröst lifir enn sá innblástur Jónasar frá Hriflu að nám eigi að bæta land og lýð, að nám eigi að vera skemmtilegt, uppbyggilegt og aðgengilegt.

Í byrjun þessarar aldar lagði ég mitt af mörkum í þeim efnum. Það er þó varla í frásögu færandi, stundakennsla um sögu Austur-Evrópu og Sovétríkjanna í nokkur ár. Um þetta leyti eins og nú var mikið líf og fjör hér, kröftugt fólk sem stýrði staðnum. Ég man líka að skólinn á Bifröst þótti ansi alþjóðasinnaður, forystusveitin höll undir Evrópusamvinnu af hvers kyns tagi. Sumum þótti skjóta skökku við að þannig andi svifi yfir vötnum í Jónasarskólanum. Ég legg ekki dóm á það en hitt vil ég ítreka að sjálfstæði og alþjóðahyggja geta vel farið saman og hafa lengi gert. Enginn er eyland, allra síst eyþjóðin Ísland. Það er gömul saga og ný að okkur mun ekki farnast vel hér án öflugra og traustra samskipta við önnur ríki og aðrar þjóðir.

En hvað þá með Jónas frá Hriflu, ungmennafélagsandann og ræktun lýðs og lands? Sá andi verður að lifa áfram en hann breytist. Leyfið mér í lokin að segja hann í gegnum ljóð – ekki mín eigin en gefum Dísu orðið:

Fjórum árum eftir stofnun Samvinnuskólans, þess námsseturs sem starfið hér er rakið til, orti Davíð Stefánsson um dalakofann góða þar sem þau Dísu myndu setjast að:

Vertu hjá mér, Dísu, meðan kvöldsins klukkur hringja
og kaldir stormar næða um skóg og eyðisand;
þá skal ég okkur bæði yfir djúpið dökka syngja
heim í dalinn, þar sem ég ætla að byggja og nema land.

Áfram fjölgaði fólkinu í landinu, brýr voru byggðar, vegir lagðir. Mýrar voru ræstar, torfkofar hurfu nánast og héraðsskólar risu. Engu að síður áttu sveitir undir högg að sækja og gamlir siðir sömuleiðis, margir góðir en aðrir máttu fara veg allrar veraldar, aldalangt misrétti og kúgun almúgans. Útvegurinn eflidist við sjávarsíðuna, þangað lá leiðin, og höfuðborgin Reykjavík fékk aukinn alþjóðasvip, með kaffihús, djass og bíó.

Sumum þótti nóg um, þeirra á meðal Jónasi frá Hriflu. Var þetta það sem framfarir snerust um? Og svo kom seinna stríð, fullt sjálfstæði en líka erlend áhrif sem aldrei fyrr. Dísu var enn í sveitinni, undi sér við sínar ær og kýr, ólíkt öðrum stúlkum sem heilluðust af óþjóðlegu glysi og glaum eins og fulltrúar

íhaldsafla komust gjarnan að orði. „Ó Dísu, ó Dísu í dalakofanum,“ söng landinn með Skafta Sigþórssyni:

Hún hefur aldrei heyrt um neitt
sem heitið getur ljótt
og heyrir aldrei nefna neitt
sem nú er eftirsótt.
Nælonsokka, silkiföt
og síðra kjóla þrjá,
né varalit og vindlinga
og vínsins gullnu skál.

Var þjóðmenning í voða? Tungumálið sömuleiðis? Samfélag gróinna síða og gilda? Þess ótta gætti, ekki síst meðal góðborgara. Um leið flyktist fólkið áfram á mölina eins og sagt var og afþreying varð hluti daglegs lífs, dægurmenning með enn meiri alþjóðabrag.

Velmegun jókst. Heimilistæki létu lífið og fólk varð heilsuhraustara, lifði lengur. Sífelld fleiri gátu gengið menntavegin, notið aukins frelsis á flestum sviðum, haldið til útlanda um lengri eða skemmri tíma. Betur var hlúð að fólki með fötlun og þroskaskerðingar. Jafnrétti kynjanna jókst, réttindi samkynhneigðra sömuleiðis. Sú Dísu, sem sungið var um í aldarlok, eyddi ævinni ekki í dalakofa. Hún flaug yfir hafið til móts við annað ævintýr, gerði það sem henni datt í hug og ástfangni vinurinn varð að setta sig við það.

„Komdu aftur til mín, Dísu, Dísu mín. ... Einn ég sit og bíð og vona, að þú komir til mín.“ Þannig sungu félagarnir í SSSól en Dísu var frjáls eins og fuglinn. Ég sé hana fyrir mér, stoltan Íslending sem ferðast víða og lærir margt af öðrum þjóðum, alveg óbundna af íhaldssömum eða fordómafullum skilgreiningum á þjóðerni og ættjarðarást.

Í lokin vil ég því halda þessu fram: Við verðum að berjast gegn öfgafullri þjóðernishyggju – þjóðrembu þar sem sagan er misnotuð til að vekja ótta og ógn, til að heyja stríð og kúga fólk. Um leið verðum við að geta átt okkar heilbrigðu ættjarðarást, okkar ágætu þjóðrækni. Það orð á að vera fallett, með jákvætt yfirbragð. Í því eiga að koma saman fortíð, nútíð og framtíð. Í því eiga að koma saman fornir þræðir og nýir, víðsýni og umburðarlyndi, fjölbreytni og frelsi. Sönn þjóðrækni á ekkert skylt við illsku og hatur í garð annarra, upphafningu á eigin ágæti.

Ég vona að þið njótið þessa hátíðarkvölds, ágætu Bifrestingar, í góðum ungmenna- og ættjarðaranda, anda samkenndar og samstöðu með þeim hér heima og úti í heimi sem þurfa svo sannarlega á samkennd og samstöðu að halda.